

6. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hver 10 kg: 4
Allar aðrar vörur, sem gjald er tekið af eftir þyngd, og ekki eru annars 7. jan. staðar taldar.
7. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hvert teningsfest:
Trjáviður.
8. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hvert teningsfet:
Húsgögn, hljóðfæri og allar vörur aðrar, sem reiknast í teningsfetum.
9. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hvert stykki:
Kindaskrokkar, tómar tunnur og föt, uppsett og óuppsett.
10. flokkur. Gjald kr. 10.00 fyrir hvert stykki:
Stórgripir, sauðfé, loðdýr.
11. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja tunnu af saltsild.
12. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hvert mál síldar, sem flutt er á land til bræðslu, þar með talin úrgangssild.
13. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 200 kg:
Hrogn, saltfiskur, fullverkaður fiskur, ísvarinn fiskur, söltuð þunnildi, fiski- og síldarmjöl.
14. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Lýsi, sundmagi, skreið, fiskroð, niðursoðinn fiskur, hraðfrystur fiskur, reyktur fiskur.
15. flokkur. Skip og bátar, sem leggja afla sinn á land í Húsavíkurkaupstað, annan en síld, greiða $\frac{1}{2}\%$ af heildaraflanum, og eru útgerðarmenn skipanna og kaupendur fiskjarins ábyrgir fyrir gjaldinu.

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lend-ingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt falla úr gildi auglýsingar nr. 73 12. maí 1948 og auglýsing nr. 132 30. júní 1950.

Samgöngumálaráðuneytið 7. janúar 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

REGLUGERÐ

5

um breyting á reglugerð nr. 24 5. marz 1954 um breyting á reglugerð nr. 11 7. jan.
18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50/1946,
um almannatryggingar.

2. töluliður, síðari málsg., orðist svo:

Til loka febrúarmánaðar 1955 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 9.00 á viku
- 2. —	— 6.75 — —

Árið 1955 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 350.00
Ógiftar konur	— 250.00

5

Á 2. verðlagssvæði:

7. jan.

Karlar kr. 250.00
Ógiftar konur — 180.00

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 116 1954, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1955.

Félagsmálaráðuneytið, 7. janúar 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

6

REGLUGERÐ

7. jan.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Sandgerði í Miðneshreppi, nr. 64
21. apríl 1948, sbr. reglugerð nr. 272/1950.

1. gr.

Öll hafnargjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimtast með 25% viðauka, til ársloka 1955.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um hafnargerðir og lendarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 7. janúar 1955.

Ólafur Thors.

Brynjólfur Ingólfsson.

7

AUGLÝSING

10. jan.

um breyting á reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vantsskatts í Reykjavík,
nr. 213 23. des. 1947.

1. gr.

1. gr. 1. málsg. orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 2% af fasteignamatsverði hússins.

2. gr.

2. gr. 2. málsg. orðist svo:

Aukavatnsskatt skv. 1. málsg. skal innheimta samkvæmt mæli með 80 aura verði fyrir hvern teningsmetra.